

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Frostaskjól 24.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 16. ágúst 2019, breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda, stofnanasvæði vegna lóðarinnar nr. 24 við Frostaskjól. Breytingin felst í því að afmarkaður er byggingarreitur fyrir núverandi hús og eina færnanlega stofu til viðbótar ásamt tengigangi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Mjöllnisholt 4, 6, 8 og 10.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 6. júní 2019, breytingu á deiliskipulagi Hampiðjureits vegna lóðanna nr. 4, 6, 8 og 10 við Mjöllnisholt. Í breytingunni felst að hækka húsin, sameina lóðirnar nr. 6 og 8 og byggja sameiginlegan stigagang/lyftuhús, gera niðurgrafna bílgeymslu á lóðunum nr. 6, 8 og 10, útbúa bílastæði fyrir rafmagnsbíl í bakgarði lóðar nr. 4 og geymsluskúr á baklóð lóðar nr. 6. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kirkjusandur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 21. ágúst 2019, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands. Breytingin felst í því að lóðamörkum er breytt lítillega til að íbúðarhús uppfylli kröfur um bílastæði innan lóðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 27. ágúst 2019.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 10. september 2019